

Bati á sér engin landamæri

Höfuðtilgangur Evrópuráðstefnunnar er sá sami og tilgangur alheimsráðstefnunnar, þ.e. að flytja boðskap samtakanna til alkóhólista sem enn þjáast, hvar sem þeir eru, eða hvaða tungumál sem þeir tala. Evrópufundurinn leitast við að safna saman reynslu, þekkingu, styrk og von, frá þátttakendum til að bera boðskapinn áfram. Lögð er áhersla á að efla skilning og þekkingu á tengsl milli landa og hvað skilvirkni í þjónustu er þýðingarmikil.

Undirritaður, ásamt K.E., mætti sem fulltrúi í fyrsta skipti. Ráðstefnan hófst um hádegi á föstudag með kynningu og móttöku, þar sem fulltrúar fengu tækifæri til að kynna sig og kynnast hver öðrum. Setningarávarpið var flutt af oddamanni Evrópufundarins, I.J. frá Danmörku. Í setningarávarpinu talaði hann um tilgang og viðfangsefni fundarins „Bati á sér engin landamæri“, sem undirstrikar á vissan hátt mikilvægi AA samtakanna og möguleikana innan þeirra, og þar eð alkóhólismi á sér heldur engin takmörk geta samtökin skipt sköpum fyrir ótakmarkaðan fjölda fólks.

Eins og tekið var fram í leiðarvísinum fyrir þessa ráðstefnu er markmiðið okkar „hið sama og allrar starfsemi AA samtakanna – að flytja þennan boðskap alkóhólistanum sem enn þjáist, hvar sem hann eða hún er og hvaða tungumál hann eða hún talar“.

Þessa helgi er ykkur velkomið að deila reynslu ykkar í tengslum við starfsemi AA í ykkar heimahögum og örðugleikum eða mótstöðu sem þið kunnið að hafa orðið fyrir við að flytja þennan boðskap.

Með landsskýrslum (Country Reports), samstarfsfundum (Sharing Sessions), vinnuhópum og –nefndum (Workshops) (Working Committees) og „fundum á göngunum“ skiptumst við á upplýsingum þvert yfir öll landamæri. Við deilum upplýsingum sem geta hver fyrir sig eða til samans orðið okkur hvatning til að finna nýjar eða reyndar leiðir til þjónustu innan AA samtakanna.

Næst flutti W.S. frá Alþjóðaskrifstofu AA-samtakanna ávarp um þakklæti og kraft AA-samtakanna. Mig langar að deila með ykkur part úr ræðu hans, eins og hann flutti hana. Eftir smá inngang, sagði hann eftirfarandi:

En svo, árið 1984, gerðist kraftaverkið! Umvafinn náð Guðs fann ég AA samtökin, nærri 50 árum eftir örlagafundinn þeirra Bill W. og Dr. Bob. Og, vegna hinnar sterku löngunar þeirra til að halda sér edrú, umhyggju þeirra fyrir hinum þjáða alkóhólisma og framtíðarsýn þeirra, 50 árum síðar, stóð AA prógrammið mér til boða – mér, svörtum manni í Bandaríkjunum. Eins og við vitum öll eru AA samtökin og hið andlega sem hér er að finna aðgengilegt fyrir alla trúarhópa: múslima, gyðinga, búddista, kristna og hindúa og einnig trúleysingja. Samtökin eru opin jafnt konum sem körlum, ungum sem öldnum. Þannig að þemað fyrir 15. Evrópuþjónusturáðstefnuna - Recovery has no boundaries – Bati á sér engin landamæri - hefur alveg sérstaka þýðingu fyrir mig.

Næstum frá upphafi hófu hinir fyrstu AA félagar að flytja þennan vonarboðskap til alkans sem enn þjáðist með því að fara inn á heimasvæði viðkomandi, hvar sem það var. Og af þeim sökum fór þessi dýrmæti bati, sem við öll metum mikils, að geta yfirstigið öll mörk – mörk milli kynþátta, trúarbragða, kyns og aldurs, og einnig hindranir vegna tungumála, menningar og staðsetningar.

Til að tryggja að bataleið AA nái út yfir öll mörk, hvers óyfirstíganleg sem þau kunna að virðast, hafa verið sett upp öflugar þjónustustofnanir sem sífellt eru að eflast um allan heim, til að reyna að tryggja að hvenær og hvar sem einhver biður um hjálp verður honum rétt hjálparhönd í baráttunni við hinn banvæna sjúkdóm alkóhólisma.

Eftir tæpt ár heldur AA upp á 75 ára afmælið. Samtökin hafa vaxið og dafnað óðfluga síðan þennan heilladag í júní 1935 þegar einn alki uppgötvaði að hans eina von um að halda sér edrú væri að hjálpa öðrum alka að gera slíkt hið sama.

Í lokin sagði W.S.:

AA samtökin verða um alla framtíð að vera aðgengileg öllum sem leitast eftir að lifa lífinu edrú. Þannig er þemað „Recovery Without Borders“ – „Bati á sér engin

landamæri“ áminning til okkar allra um þá ábyrgð sem á okkur hvílir gagnvart hvert öðru og þeim sem hafa ekki ennþá ratað í AA.

Eftir kvöldmat á föstudeginum voru fluttar skýrslur allra þátttökupjóðanna, almennt er uppgangur í flestum löndum, en allvíða er AA á brauðfótum í Evrópu. Dæmi eru um að mikið vanti upp á að AA hafi skotið það föstum rótum að það geti kallast starfhæf samtök. Skýrslur þjóða voru vel fluttar og í anda einingu og bata. Kvöldið endaði með sameiginlegri bæn rétt fyrir miðnætti.

Sjá skýrslur þjóða á netinu, aa.is.

Á laugardeginum störfuðu vinnuhópar, og starfaði undirritaður í hóp sem hét „Working with Other Countries Committee“, sem fjallaði um aðstoð við önnur lönd. Frá Íslandi gat ég tilkynnt að við borguðum til heimssamtakanna, sem sæi um að deila þeim peningum annað. Einnig höfum við stutt Grænland, en það er ekki lengur gert. Margar þjóðir leggja mikið upp úr að fara til annarra landa, sem eiga í erfiðleikum með að hefja AA starf, t.d. Pólland, Belgía og Spánn.

Einnig var undirritaður í vinnuhóp sem fjallað um þriðju arfleifðina. Öll lönd í þessum hóp höfðu skýrt afmarkað vinnufyrirkomulag á sínum landsþjónustufundum og líka vel skilgreind samskipti við AA þjónustuskrifstofuna, sem einnig er í góðu sambandi við AA deildirnar í þessum löndum.

Á laugardagskvöldinu voru kynningar, þar sem fulltrúum gafst kostur á að deila vinnu sinni og reynslu í AA og fyrir sitt land með öðrum, bæði var um fyrirfram ákveðnar kynningar, eins og frá fulltrúa Póllands og Wales.

Dagskrá sunnudagsins fór í að klára úrvinnslu vinnuhópa og kjósa í nefndir og störf næstu ráðstefnu. Oddamaður fyrir næstu Evrópuráðstefnu 2011 í Frankfurt var kosinn fulltrúinn frá Belgíu, J.M.

I.J. sleit ráðstefnunni á hádegi með sameiginlegri bæn.

J.H